

## AUGLÝSING

### um skipulagsmál í Hafnarfirði.

#### *Deiliskipulag Hvaleyrar.*

Í samræmi við skipulags- og byggingarlög samþykkti bæjarstjórn Hafnarfjarðar á fundi sínum þann 20. desember 2005 deiliskipulagið með breytingum. Deiliskipulagið nær yfir golfvöll Keilis á Hvaleyri og Hvaleyrarhraun þar fyrir vestan, lóð fyrir dælustöð fráveitu vestast við lóð álversins og strandlengjuna frá lóð Alcan við Straumsvík og til Hvaleyarlóns en fjörur Hvaleyrarhöfða eru á náttúruminjaskrá. Þrír byggingarreitir eru á svæðinu fyrir golfskála, æfingaskýli og dælu- og hreinsistöð.

Farið var með breytinguna skv. 25. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 með síðari breytingum og hún yfirfarin af Skipulagsstofnun.

Breytingin öðlast þegar gildi.

#### *Tillaga að breytingu á deiliskipulagi Valla, 3. áfanga, Tjarnarvellir 15a.*

Í samræmi við skipulags- og byggingarlög samþykkti skipulags- og byggingarfulltrúi Hafnarfjarðar tillöguna, á fundi sínum þann 23. nóvember 2005.

Í tillögunni er mörkuð lóð fyrir spennistöð norðan Ásbrautar.

Farið var með breytinguna skv. 2. mgr. 26. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 með síðari breytingum og hún yfirfarin af Skipulagsstofnun.

Breytingin öðlast þegar gildi.

#### *Breyting á deiliskipulagi Setbergssvæðis, 2. áfangi, Lindarberg nr. 12.*

Í samræmi við skipulags- og byggingarlög samþykkti skipulags- og byggingarráð Hafnarfjarðar á fundi sínum þann 19. maí 2006 deiliskipulagið Lindarberg 12 í Hafnarfirði, með breytingum.

Breytingin felst í að byggingarreitur stækkar til suðvesturs og suðausturs. Heimilt verði að byggja undir núverandi svalir auk þess að byggja fram til suðausturs um 1,7 m.

Farið var með breytinguna skv. 2. mgr. 26. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 með síðari breytingum og hún yfirfarin af Skipulagsstofnun.

Breytingin öðlast þegar gildi.

#### *Breyting á deiliskipulagi Helluhrauns, 1. áfangi, Íshella nr. 8.*

Í samræmi við skipulags- og byggingarlög samþykkti bæjarstjórn Hafnarfjarðar á fundi sínum þann 19. apríl 2006 deiliskipulagið Helluhraun, 1. áfangi, Íshella nr. 8 í Hafnarfirði, með breytingum.

Breytingin felst m.a. í að lóð nr. 8 við Íshellu er skipt í tvær lóðir. Íshellu 8 sem í dag er 18.463 m<sup>2</sup> og verður eftir breytinguna 18.423 m<sup>2</sup>. Íshella 8a verður 40 m<sup>2</sup> að stærð.

Farið var með breytinguna skv. 2. mgr. 26. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 með síðari breytingum og hún yfirfarin af Skipulagsstofnun.

Breytingin öðlast þegar gildi.

*F.h. umhverfis- og tæknisviðs Hafnarfjarðar, 29. maí 2006.*

**Anna Sofía Kristjánsdóttir** arkitekt.

B-deild – Útgáfud.: 14. júní 2006